

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar

sumarið 2011

Kynning og umsóknareyðublað

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar
Austurvegi 9
400 Ísafjörður
Sími 450 8051

Frá forstöðumanni:

Nú er 12. sumarið í starfsemi Vinnuskólans undir stjórn Félagsmiðstöðvarinnar að hefjast. Vinnuskólinn hefur breyst talsvert á þeim tíma og nú er lögð áhersla á Vinnuskólann sem vinnustað, með sömu starfsskyldur og aðrir almennir vinnustaðir sem ungt fólk sækir vinnu til.

Flestir unglingar vilja hefja störf sín í upphafi sumars og jafnframt hætta um miðjan júlí. Slíkt hefur skapað nokkuð ójafnvægi í starfi Vinnuskólans. Til þess að jafna fjölda starfsmanna yfir sumarmánuðina hefur verið brugðið á það ráð að skipta sumrinu í tvö starfstímabil. Æskilegt er því að skila umsóknum fljótt inn ef viðkomandi vill ráða vali sínu á starfstíma.

Lögð er áhersla á fjölbreytt störf í Vinnuskólanum og að allir starfsflokkar fái að takast á við hin ýmsu verkefni sem Vinnuskólinn sinnir. Fjöllistahópurinn "Morrinn" hefur þó sérstöðu og þarf sérstaklega að sækja um störf í honum. Einnig skal óska sérstaklega eftir því ef viðkomandi óskar eftir því að vinna á íþróttavallarsvæði eða önnur sér verkefni. Takmarkaður fjöldi kemst þó að í öll fyrrgreind verkefni.

Vinnuskólinn sinnir fyrst og fremst umhverfismálum. Í samræmi við það er reynt að draga úr akstri með starfsmenn milli vinnustaða. Þeir starfsmenn sem hafa áhuga á hjólræiðum og útiveru, eru því hvattir til þess að mæta á hjólum sínum í vinnuna og að sjálfsögðu með hjálm. Reikna má með því að ýmsum hópum verði gefin kostur á að fara á hjólum sínum milli verkefna.

Hlakka til þess að sjá öfluga starfsmenn mæta til vinnu í sumar.

Forstöðumaður

Vinnuskólinn sumarið 2011

Ágætu nemendur 8. til 10. bekkja:

Nú styttest í að grunnskólum ljúki og sumarfrí taki við. Að vanda stendur Ísafjarðarbær fyrir rekstri vinnuskóla í júní og fram í ágúst. Starfsemi Vinnuskólans verður með svipuðu sniði og áður.

Vinnuskólinn mun sjá um slátt víðs vegar um Ísafjarðarbæ en vegna starfsreglna fá aðeins eldri og áreiðanlegir unglingar að nota sláttuvélar og orf. Hugsanlega verða farnar vinnuferðir á Hornstrandir í sumar en ekki er full ljóst hvernig tilhögun þeirra verður háttað. Fjöllistahópurinn Morrin verður starfræktur í sumar líkt og fyrri ár og nú undir stjórn Kómedíuleikhússins. Áhugasamir unglingar geta sótt um starf í Morranum, golfvelli, íþróttavallarsvæði, á leikjanámskeiðum, á leikskóla eða annað í reitnum séróskir á meðfylgjandi umsóknareyðublaði.

Þeir unglingar sem eru með ofnæmi sem gæti haft áhrif á vinnuafköst þurfa að skila læknisvottorði með umsókn. Brýnt er að taka inn ofnæmislyf áður en mætt er til vinnu. Því miður getur Vinnuskólinn ekki ábyrgst að þeir starfsmenn sem hafa ofnæmi fyrir frjókornum fái vinnu þar sem þeirra er ekki að gæta, en reynt verður eftir fremsta megni að koma til móts við óskir allra.

Starfstími:

Vinnuskólinn hefur störf klukkan 08:00 að morgni og lýkur störfum klukkan 14:00. Ekkert hádegishlé verður, en langur kaffítími er um klukkan 10:30. Unglingar sem sækja um í Morranum eða Hornstrandaferð mega reikna með að vinnutíminn geti orðið lengri en umsaminn tími vegna eðlis verkefna, án þess þó að aukagreiðslur komi fyrir. Þess í stað verður reynt að umbuna með auka fríi og ekki síst með skemmtilegum verkefnum.

Vegna fjölda umsókna s.l. sumra er starfstímanum skipt upp í 2 tímabil. Árgöngum '95 verður boðið upp á starf í sex klukkustundir á dag í sex vikur, árgangi '96 í fimm vikur og árgangi '97 í fjórar vikur. Velja þarf um tímabil og þar sem takmarkaður fjöldi getur starfað á hverjum tíma, ganga þeir því fyrir sem skila umsóknum sínum inn snemma. Hugsanlega má fá framlengingu á vinnuvikum og ganga þá duglegir unglingar fyrir.

	1. tímabil	2. tímabil
Árgangur 1997	6. júní - 1. júlí	4. júlí - 29. júlí
Árgangur 1996	6. júní - 8. júlí	4. júlí – 5. ágúst
Árgangur 1995	6. júní - 15. júlí	4. júlí – 12. ágúst

Í smærri byggðarkjörnum verður sennilega aðeins fyrra tímabilið í boði. Ef einhverjar séróskir eru varðandi starfstíma þurfa þær að koma fram í starfsumsókninni.

Reglur:

Vinnuskólinn er reyklusinn vinnustaður. Á þetta við um alla starfsmenn, jafnt fullorðna stjórnendur sem unglinga. Þá verður neysla sælgætis og gosdrykkja eingöngu leyfð við sérstök tækifæri, s.s. uppskeruhátíðir o.p.h. Notkun GSM síma er stranglega bönnuð á vinnutíma. Starfsmenn þurfa að hafa með sér nesti og vera klæddir í samræmi við veður. Illa klæddir starfsmenn geta átt það á hættu að vera sendir heim og tapa þá launum þann dag. Æskilegt er að unglingar mæti til vinnu með góða vinnuhanska. Starfsmönnum ber að sýna hvor öðrum virðingu og tillitsemi og vera sjálfum sér, vinnuhóp sínum og vinnustað til sóma. Starfsmenn þurfa að fara eftir leiðbeiningum og fyrirskipunum flokkstjóra sinna. Leti er ekki liðin. Ef samskiptavandamál koma upp, munu yfirstjórnendur taka á því. Starfsmaður sem fer ekki eftir fyrirmælum og reglum Vinnuskólans á það á hættu að missa vinnu sína.

Almennt um Vinnuskólann:

Vinnuskólinn starfar á vegum Ísafjarðarbæjar. Forstöðu Vinnuskólans hefur íþrótta- og tómstundafulltrúi með höndum, en yfirflokkstjóri sér um daglegt starf. Verkefni skólans eru fjölmörg, en miðast flest að fegrun umhverfisins og munu umhverfismál vera í brennidepli.

Þann 6. júní eiga allir sem hefja störf á fyrsta tímabili að mæta til vinnu kl. 08.00 í Silfurgötu 5. Skrifstofan verður hinsvegar til húsa að Austurvegi 9 á efri hæð Sundhallarinnar og hægt er að fá svör við fyrirspurnum í síma 450 8051.

Um starfið:

Starf Vinnuskólans fer fram á milli klukkan 08:00 og 14:00 alla virka daga, en flokkstjórar og starfsmenn skrifstofu starfa fram á seinni hluta dags. Ef erfitt reynist vegna fámennis að mynda hóp í einhverjum af smærri byggðarkjörnum, geta unglingar þeirra staða búist við að þurfa sækja vinnu til Ísafjarðar og nýta þá áætlunarferðir. Reynt verður þó að haga störfum þannig að sem flestir geti unnið sem mest á sínum heimaslóðum.

Vinnustundir og áætluð laun má sjá í neðangreindri töflu:

Fæðingarár	Vinnustundir á dag	Tímakaup	Vikukaup
1997	6 klst.	Kr. 453	Kr. 13.590
1996	6 klst.	Kr. 588	Kr. 17.640
1995	6 klst.	Kr. 724	Kr. 21.720

Vinnuskólinn verður settur Mánudaginn 6. júní kl. 08:00. Starfsmenn fá að vita tímalega hvenær tímabils þeir munu hefja störf.

Umsókn um starf í Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar sumarið 2011

Umsóknarfrestur er til og með 4. maí 2011

Nafn	Kennitala
Heimili	Sími
Skóli	Símanúmer foreldris
Banki, höfuðbók og reikningsnúmer <u>-MJÖG ÁRÍÐANDI ER AÐ FYLLA ÞENNAN REIT ÚT- skráð á viðkomandi</u>	

Allir sem voru að klára 10. bekk eiga að skila skattkorti

Starfstími sem sótt er um

Vinnuskólinn hefur starfsemi sína 6. júní n.k. og lýkur allri starfsemi 12. ágúst. Bækistöðvar Vinnuskólans eru á Austurvegi 9 og Silfurgötu 5 á Ísafirði og þangað mæta unglingar til vinnu þann dag sem þeim er ætlað að byrja. Unglingar á Þingeyri mæta við „Bólu“ sem er starfsstöðin á Þingeyri.

Hvenær tímabils er sótt um starf

Einhverjar séróskir eða athugasemdir

Vinsamlegast getið um ef einhverskonar ofnæmi, sjúkdóma eða erfiðleika er að ræða hjá viðkomandi. Farið verður með þær upplýsingar sem trúnaðarmál.

Ef sótt er um annað en almenna deild skal gera það hér.

Athugasemdir/Séróskir

Á umsækjandi hjálm og reiðhjól sem hann getur nýtt við störf? Já _____ Nei _____

Ég undirritaður sæki hér með um vinnu hjá Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar. Ég mun leggja mitt af mörkum til þess að bæta vinnustað minn, m.a. fara eftir þeim reglum og fyrirmælum sem yfirmenn mínir leggja fyrir, sýna öðrum vinnufélögum tillitsemi og virðingu og taka þátt í að skapa jákvæðan starfsanda.

Dags og undirskrift umsækjanda

Staðfesting foreldris/forráðamanns

Umsóknum skal skila á skrifstofu Ísafjarðarbæjar 2. hæð í Stjórnsýsluhúsinu

Umsókn um starf í sláttudeild Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar sumarið 2011

Umsóknarfrestur er til og með 1 .apríl 2011

Nafn	Kennitala
Heimili	Sími
Skóli	Símanúmer foreldris
Banki, höfuðbók og reikningsnúmer <u>-MJÖG ÁRÍÐANDI ER AÐ FYLLA ÞENNAN REIT ÚT- skráð á viðkomandi</u>	

Munið að skila skattkorti

Sláttugengi Vinnuskólans (17-18 ára) hefur starfsemi sína í maílok. og lýkur allri starfsemi 12. ágúst. Bækistöðvar Vinnuskólans eru að Austurvegi 9 á Ísafirði. Verkfæralager er hinsvegar í Silfurgötu 5 og þangað mæta unglingar til vinnu þann dag sem þeim er ætlað að byrja.

Athugasemdir

Ég undirritaður sækir hér með um vinnu hjá Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar. Ég mun leggja mitt af mörkum til þess að bæta vinnustað minn, m.a. fara eftir þeim reglum og fyrirmælum sem yfirmenn mínir leggja fyrir, sýna öðrum vinnufélögum tillitsemi og virðingu og taka þátt í að skapa jákvæðan starfsanda.

Dags og undirskrift umsækjanda

Staðfesting foreldris/forráðamanns

Umsóknum skal skila á skrifstofu Ísafjarðarbæjar 2. hæð í Stjórnsýsluhúsinu